

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum á skrifstofu skólameistara 14.10.2014.

Mætt voru: Hallur Reynisson skólameistari, Margrét Hólm Valsdóttir, Guðrún María Valgeirsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir, Erlingur Teitsson, og Guðrún Tryggvadóttir. Þá voru mætt Hildigunnur Jónsdóttir fulltrúi kennara og Brynjar Þór Ríkarðsson fulltrúi nemenda. Formaður Margrét setti fund og stjórnaði honum og Erlingur ritaði fundargerð

1. Upphaf skólaárs.
Skólameistari sagði frá því að frá og með þessum fundi yrðu fundargerðir skólanefndarfunda birtar á heimasíðu skólans og það kallaði á að til staðar yrði trúnamálabók.
Þá kom fram að skólastarfið hefði farið nokkuð vel af stað og lítið um vandamál. 118 nemendur eru í námi eins og er, þá eru þar af 102 á heimavist.
2. Samningur við ráðuneyti.
Fram kom að skólameistari hefur hafið vinnu við skólasamning en núverandi samningur rennur út um næstu áramót.
Urðu miklar umræður um samskipti ríkis og skóla og kom fram að samskipti við ráðuneyti menntamála eru tímafrek og erfitt að ná eyru starfsmanna ráðuneytisins.
3. Rekstarstaða.
Staðan er ekki góð og er það að verulegu leyti vegna uppsafnaðs taps fyrri ára en hinn hefðbundni rekstur er í jafnvægi.
Rekstur mótuneytis gengur nú vel og er það meðal annars að þakka fjölgun nemenda.
4. Ytri úttekt.
Sagt frá því að í haust hafi komið tveir aðilar frá Háskólanum á Akureyri vegna gerðar ytri úttektar á starfi skólans sem nú er unnið að á vegum ráðuneytisins í öllum framhaldsskólum landsins. Reiknað er með að skólarnir fái niðurstöður úr matinu fyrir n.k. áramót.
5. Ferðamálanám.
Verið er að leggja loka hönd á undirbúning ferðamálanáms og kemur í ljós innan mánaðar hvenær námið hefst þ.e. á vorönn eða haustönn 2015.
6. Samningsgerð við Fosshótel.
Nú stendur yfir lokafrágangur á leigusamningi milli skólans og Fosshótela sem ætlað er að gildi til næstu tveggja ára.
7. Önnur mál.
 - a) Fundurinn lýsir yfir áhyggjum sínum vegna ætlaðra vanefnda ráðuneytisins á munnlegu samkomulagi vegna kostnaðarþátttöku í viðhaldi á húsnæði Tröllasteins
 - b) Rætt um fyrirhugaða styttingu náms til stúdendsprófs.
 - c) Fram kom að núverandi húsvörður Baldvin Áslaugsson hefur sagt upp störfum og tekur uppsögnin gildi um n.k. áramót.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið